
Frumvarp til skipulagslaga

Sýn Reykjavíkurborgar á nýmæli og breytingar.

Helga Björk Laxdal hdl.

Samráðsfundur Skipulagsstofnunar

8. maí 2008

Umsögn skipulagsráðs um frumvarp til nýrra skipulagslaga.

- Borgarlögmaður vísaði bréfi Alþingis þar sem óskað var eftir athugasemdum Reykjavíkurborgar við frumvarpið til umsagnar skipulagsráðs.
 - Umsögnin var lögð fram og samþykkt á fundi skipulagsráðs þann 2. apríl 2008
 - Samþykkt og staðfest á fundi borgarráðs þann 10. apríl 2008.
-

Helstu atriði í umsögn skipulagsráðs.

- Skipulagsráð Reykjavíkurborgar fagnar þeirri ákvörðun að endurskoða skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og tekur í megindráttum undir þau sjónarmið sem hafa legið til grundvallar við endurskoðun skipulagsþáttar laganna s.s. að ferill skipulagsgerðar yrði skilvirkari og sveigjanlegri
-

Aðaláhersla er lögð á:

- að ferill tillagna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi verði einfaldaður.
 - að tekið verði fullt tillit til endurtekinna athugasemda og mótmæla sveitarfélagsins vegna þess ákvæðis frumvarpsins sem snýr að þætti Skipulagsstofnunar við afgreiðslu deiliskipulaga.
 - að endurskoðuð verði ákvæði um landsskipulag, sér í lagi þau ákvæði sem gera sveitarfélaginu skylt að endurskoða efni aðalskipulaga sinna til að þau falli að efni landsskipulagsstefnu.
-

Nánari athugasemdir um landsskipulag:

- Skipulagsráð telur að sú meginstefna íslensks sveitastjórnarréttar að sveitarfélögum sé falið skipulagsvald á því landi sem er innan sveitarfélagamarka sé mikilvæg og því beri að hafa þá reglu í heiðri í hvívetna.
 - Varað er því við breytingum sem miða að því að auka inngrip ríkisvaldsins og eftirlitsstofnana þess í gerð skipulags.
-

-
- Skipulagsráð telur nauðsynlegt að skilgreina á skýrari hátt viðfangsefni landsskipulags.
 - Ætti að vera allsherjarstefnumörkun sem sveitarfélögin hafi hliðsjón af við vinnslu aðalskipulagsáætlana.
 - Því er hafnað að heimildum um landsskipulag verði beitt um einstakar framkvæmdar í andstöðu við yfirlýsta stefnu og vilja sveitarstjórnar.
 - Skipulagsráð telur efni frumvarpsins óljóst og krefst þess að heimildir ríkisins verði takmarkaðar á skýran hátt.
 - Skipulagsráð mótmælir því að sveitarstjórn sé gert skylt að endurskoða aðalskipulagsáætlanir sínar með hliðsjón af landsskipulagi.
-

Nánari athugasemdir um svæðisskipulag:

- Skipulagsráð mótmælir því að kveðið sé svo á um í frumvarpinu að svæðisskipulag skuli vera rétt hærra en aðalskipulag.
 - Skipulagsráð telur málsmeðferðarúrræði sárlega vanta í frumvarpið ef sveitarfélög, komast ekki að samkomulagi um efni áætlunarinnar.
 - Skipulagsráð telur að ákvæði um rétt hæð svæðisskipulags geti illa samræmst þeim áherslum að í svæðisskipulagi skuli ekki fjalla um einstakar framkvæmdir, heldur meginstefnur um sameiginlega hagsmuni.
-

Nánari athugasemdir um aðalskipulag:

- Skipulagsráð tekur undir og fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á ákvæðunum til einföldunar á málsmeðferð.
 - Skipulagsráð lýsir sérstakri ánægju með ákvæði frumvarpsins er varða rammaskipulag.
 - Reykjavíkurborg tekur undir og fagnar afdráttarlausu ákvæði um að í aðalskipulagi skuli sett fram stefna um byggðamynstur.
-

Nánari athugasemdir um deiliskipulag:

- Skipulagsráð telur að skilmálar og umfjöllun um útlit, form og svipmót í deiliskipulagsáætlun geti aldrei komið í stað umfjöllunar sem á sér stað þegar sótt hefur verið um leyfi til mannvirkjagerðar.
 - Skipulagsráð telur nauðsynlegt að skýra betur ákvæði að því er varðar lýsingu á deiliskipulagsgerð.
-

-
- Skipulagsráð lýsir yfir ánægju með nýmæli vegna auglýsinga tillaga að deiliskipulagi og samsvarandi aðalskipulagsbreytingar.
 - Skipulagsráð telur algerlega ótækt að gera sveitarfélaginu skylt að fara ætíð eftir athugasemdum Skipulagsstofnunar.
 - Skipulagsráð mótmælir harðlega ákvæðinu bendir á að það er óumdeilt að sveitarstjórn ber alla ábyrgð á samþykktum deiliskipulagsáætlunum sínum og ber á þeim bótaábyrgð.
-